



List sem verður til úr engu

● Hið efnislega í list Magnúsar Pálssonar í forgrunni á nýrri sýningu ● Sýningin birtir heildarsýn á ævistarf og hugmyndaauði 60 ára ferils Magnúsar

Ragnhildur Þrastardóttir
ragnhildur@mbl.is

Stór yfirlitssýning á verkum Magnúsar Pálssonar verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, í dag, laugardag, klukkan 16. Sýningin ber heitið *Eitthvað úr engu* en þar er sjónum beint að efnislegri list Magnúsar.

„Það mætti segja að þetta væri eins konar framhaldsverkefni hjá listasafninu. Árið 2013 var safnið með mikla sýningu á gjörningum Magnúsar sem eru stór hluti hans listsköpunar síðustu áratugi. Við varðveitum mikið heimildasafn um Magnús þar sem fólk getur grúskað í hans ævistarfi og við vildum halda áfram með þessa vinnu, að koma honum og verkum hans til skila á einhvern hátt. Á þessari sýningu erum við að einbeita okkur að myndheimi Magnúsar. Sem eru efnislegir hlutir, myndir, skúlptúrar, vídeóverk – svona safnaverkið,“ segir Markús Þór Andrússon, annar af tveimur sýningarstjórum sýningarinnar *Eitthvað úr engu*. Ásamt honum fer Sigurður Trausti Traustason með sýningarstjórn.

„Þannig gerum við grein fyrir 60 ára ferli sem hefst skömmu upp úr 1960 með fyrstu verkum Magnúsar. Sýningin spannar allan tímann til dagsins í dag og öll þau ólíku tímabil sem hann hefur gengið í gegnum. Þar má greina íslenska listasögu í grunninn því Magnús kemur svo víða við og er svo mikill áhrifavaldur,“ segir Markús.

Frá tungumáli í myndmál

„Á sýningunni leggjum við áherslu á hlutina og myndirnar. Við drögum fram þekktu skúlptúra þar sem Magnús er að vinna með hið óefniskennda eins og tilfinningar, hljóð eða einhvers konar óefnislega hluti. Þá eru skúlptúrar og myndir þar sem Magnús styðst við tungumálið, eins og orð í ljóðum. Magnús er að leika sér að þessari tilfærslu frá tungumáli yfir í myndmál. Hann notar bæði form-



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

60 ár Markús, Magnús og Sigurður í Hafnarhúsi. Á sýningunni verður farið yfir 60 ára listamannsferil Magnúsar.

id á tungumálinu í myndverkum sínum en líka inntakið í sögnum og frásögnum.“

Einnig verða bókverkum Magnúsar gerð sérstök skil á sýningunni, að sögn Markúsar.

Sýningunni er á vissan hátt deilt í tvennt eftir tveimur þrjátíu ára tímabilum ferils Magnúsar. Hún gefur þannig góða yfirsýn yfir verk Magnúsar.

„Ég held að þarna birtist ótvírætt einhver heildarsýn á verkin og þetta ævistarf og þá einkum á þann fjölbreytileika og þá hugmyndaauði sem Magnús býr yfir. Líka það hversu fær hann er í því að fara á milli listgreina og listforma með hugmyndir sínar. Maður sér sömu hugmyndirnar birtast þegar hann er að hanna leikmyndir fyrir leikhús og þegar hann er að gera innsetningar eða myndverk. Sýningin rennir styrkum stoðum undir þann hugmyndaheim sem

hann byggir verk sín á,“ segir Markús.

Magnús er tvíræður þegar hann ræðir um list sína, að sögn Markúsar.

„Það skiptist á einhver innleg ást á þessum verkum hans en líka kæruleysi gagnvart þeim. Hann vill ekki gera of mikið úr þessu vegna þess að þarna eru oft á tíðum einhverjar hversdagslegar litlar hugmyndir sem hann hefur ýtt af stað og svo verður þetta að lykilverkum í listasögunni ef svo má segja.“

Markús segir heimildasafn um Magnús sem Listasafn Reykjavíkur varðveiti sé einstakt fyrirbæri.

„Það á vel við í tilviki Magnúsar vegna þess að hann skapar að miklu leyti óefniskennd verk, staðeða tímabundin. Þá eru arkívinn svo mikilvæg sem heimildir um verk sem eru kannski horfin eða þyrfti að endurgera.“

Titill sýningarinnar, *Eitthvað úr*

engu, er tilvísun í Magnús sjálfan. „Hann er þarna að fjalla um verk, gífsstyttu af hundi sem smám saman brotnar upp í hey og verður hálfgerð hruða en byggist síðan aftur upp og breytist í hund. Magnús talar um það að ef maður tekur einn hluta verksins út fyrir sviga og horfir til dæmis á haug af einhverju gífsdrasli og heyrir þá er það ekki neitt en í samhenginu þá verður það að einhverju sem hefur gildi og merkingu.“

Það er einmitt þessi hugmynd sem Magnús byggir mörg verka sinna á, að sögn Markúsar.

„Hann gerir eitthvað úr engu með því að vinna með fundna hluti, sagnir, hugmyndir og myndefni, skeyta það saman og setja það svo í samhengi listarinnar og þá verður það að einhverju, verður að sjálfstæðu listaverki. Þetta er í raun saga myndlistarinnar alla tíð, að skapa eitthvað úr engu.“